

**Nd.**

## **158. Frumvarp til laga**

um tannlæknakennslu við læknadeild háskólans.

Flm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Stofna skal til tannlæknakennslu við læknadeild háskólans.

2. gr.

Peir stúdentar, sem leggja vilja stund á tannlæknanám og ljúka tannlæknaprófi, skulu hafa lokið miðhlutaprófi í læknisfræði. Að öðru leyti skal kveðið á um tilhögun kennslunnar í reglugerð.

3. gr.

Til þess að annast tannlæknakennsluna skal skípa sérstakan dósent við læknadeildina og tannsmið. Aukakennslu má fela stundakennurum. Dósentinn nýtur sömu réttinda og aðrir dósentar háskólans. Ráðherra ákveður tannsmið og stundakennurum laun, er greiðast úr rikissjóði.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

### **G r e i n a r g e r ð .**

Tannáta og aðrir tannsjúkdómar eru algengastir allra kvilla á Íslandi. Má heita, að hvert mannsbarn í landinu með tennur í munni þjáist af þeim að meira eða minna leyti. Er mönnum kunnugt um, að tannkvillarnir draga margvíslega dilka á eftir sér hættulega heilsufari einstaklinga og þjóða, og eru þeir þó vafalaust fleiri en enn er að fullu kunnugt. Þó að þessu sé þannig varið, er svo ástatt hér á landi, að landsbúum er við engum sjúkdómi miður tryggð læknishjálpar en tannsjúkdómum, með því að tannlæknaskortur er hér svo mikill, að þess munu engin dæmi í sæmilegum menningarlöndum. Eru tilsvarendi erfiðleikar á því fyrir allan þorra landsbúa að leita sér tannlæknishjálpar. Jafnvel Reykvikingar, sem einna bezt eru settir að þessu leyti, þurfa iðulega að biða dögum og jafnvel vikum saman eftir því, að þeir fái liðsinni tannlæknis, auk þess sem tannlæknarnir neyðast til að skipta hjálpar sinni á milli svo margra á sama tíma, að vitjanir hvers einstaks sjúklings verða óhjákvæmilega mjög margar og tímafrekar. Jafnframt þessu er tannlæknishjálpin svo kostnaðarsöm, að engan samanburð þolir við það, sem á sér stað um almenna læknishjálpar, enda alls fjarri því að vera við hæfi almennings.

Afleiðingin af þessu ástandi er síðan sú, að tannskemmdir Íslendinga og hirðuleysi um þær er einhver hinn smánarlegasti ómenningarvottur, sem hér verður bent á, og skyggir ömurlega á, hve framarlega vér óneitanlega stöndum í heilbrigðismálum að ýmsu öðru leyti.

Stingur tannlæknafræðin mjög í stúf við læknafrjöldann hér á landi, sem er nú að keyra fram úr öllu hófi. Um síðustu áramót teljast læknafræðingur, sem lækningaleyfi hafa á Íslandi, 183 alls og 15 að auki, sem lokið hafa læknafræðingur en eiga ófengið lækningaleyfi. Svarar það hér um bil til eins manns með læknafræðingur á hver 600 landsmanna. Beint eða óbeint að lækningum munu þó ekki starfa nema um 150 læknafræðingur, eða sem næst 1 læknafræðingur á hver 800 landsmanna. Til samanburðar má geta þess, að árið 1937 töldust læknafræðingur í Danmörku 3190, eða því sem næst 1 læknafræðingur á hver 1200 landsmanna, í Svíþjóð (1938) 2887, eða um 1 læknafræðingur á hver 2100 landsmanna, og í Noregi (1939) 2351, eða um 1 læknafræðingur á hver 1300 landsmanna.

Um síðustu áramót teljast tannlæknafræðingur hér á landi og íslenskir tannlæknafræðingur-datar hins vegar aðeins 17 alls, eða um 1 á hver 7000 landsmanna. Að tannlækningum munu þó ekki hafa starfað nema 11, eða því sem næst 1 á hver 11000 landsmanna. Eru tannlæknafræðingur aðeins starfandi í 5 af 50 læknafræðingurum (Reykjavíkur, Ísafjarðar, Siglufjarðar, Akureyrar og Vestmannaeyja). Annars staðar á Norðurlöndum er þessu á annan veg farið. Árið 1937 töldust tannlæknafræðingur í Danmörku 950, eða því sem næst 1 tannlæknafræðingur á hver 3900 landsmanna, og er þó talinn tannlæknafræðingur þar í landi. Árið 1938 teljast tannlæknafræðingur í Svíþjóð 2106, eða um 1 tannlæknafræðingur á hver 2800 landsmanna, en árið 1939 í Noregi 1481, eða sem allra næst 1 tannlæknafræðingur á hver 2000 landsmanna.

Hversu fráleitt hlutfallið er á milli læknafræðingur og tannlæknafræðingur hér á landi, samanborið við það, sem gerist annars staðar á Norðurlöndum, verður ljóst af eftirfarandi yfirliti:

	Læknafræðingur alls	Íbúar á læknafræðingur	Tannlæknafræðingur alls	Íbúar á tannlæknafræðingur	Hlutfall læknafræðingur og tannlæknafræðingur
Danmörk (1937) .....	3190	1200	950	3900	1:3,4
Svíþjóð (1938) .....	2887	2100	2106	2800	1:1,4
Noregur (1939) .....	2351	1300	1481	2000	1:1,6
Ísland (1940) .....	{ 198 (150)	{ 600 (800)	{ 17 (11)	{ 7100 (11000)	{ 1:11,7 (1:13,6)

Tölurnar frá Íslandi eru tvennar, eftir því, hvort miðað er við alla, sem hafa læknafræðingur (tannlæknafræðingur), er veitir réttindi til lækningaleyfis (tannlækningaleyfis) hér á landi, hvar í heiminum sem þeir eru búsettir eða staddir, eða þeir einir eru taldir, sem starfa hér beint eða óbeint að lækningum (tannlækningum). Er ókunnugt, hvernig þessu er varið um hinar dönsku og sænsku tölur. Norsku tölurnar eru hins vegar teknar upp á sama hátt og hinar fyrri íslensku tölur og sambærilegar við þær.

Fánýtt er að tala um, hvers konar ráðstafanir séu tiltækilegastar til að sjá landsmönnum fyrir sómasamlegri tannlæknafræðingur með viðunandi kjörum, fyrr en kostur er hæfilega margra tannlæknafræðingur í landinu. En ætla má, að eins fari um það og læknafræðingur á sínum tíma, að á því verði ekki ráðin bót, fyrr en upp verður tekin tannlæknafræðingur í landinu sjálfu. Bendir margra ára reynsla til þess, að fáir Íslendingar leggja stund á tannlæknafræðingur með því að eiga að sækja það út úr landinu, enda er það margvislegum erfiðleikum bundið (mikill kostnaður, gjaldeyrisvandráði, erfiðleikar á að komast inn í þá skóla, er Íslendingar eiga að öðru leyti hægst með að sækja, o. s. frv.) jafnvel á friðartímum, hvað þá, þegar svo er ástatt eins og nú horfir.

Síðan á öndverðum þessum vetri hefur farið fram athugun á því, hver tók væru á að stofna til tannlæknafræðingur hér á landi. Hefur niðurstaðan orðið sú, að það sé kleift og þannig,

- 1) að tannlæknafræðingur verði séð fyrir staðgóðri fræðslu og vel menntri tannlæknafræðingur stétt komið upp í landinu,
- 2) að kostnaður við það þurfi ekki að verða úr hófi fram,
- 3) að hinni óeðlilegu aðsókn að almennu læknafræðingur verði beint að tannlæknafræðingur,
- 4) að ekki þurfi þó að óttast offjölgun tannlæknafræðingur.

Um þetta vísast til greinargerðar Jóns Sigtryggssonar læknafræðingur og tannlæknafræðingur í Reykjavík, sem prentuð er hér á eftir (fskj. 1). Að öðru leyti skal þessa getið:

- 1) Því hefur verið hreyft af Tannlæknafræðingur Íslands, sem hefur haft mál þetta

til athugunar og látið í té umsögn um það (fskj. 2), að vandkvæði verði á því að fá hér hæfa kennara til að annast tannlæknafræðsluna. Satt er það, að fyrst um sinn verða engin tók á að skipta þessari kennslu á milli svo margra sérfræðinga sem títt er erlendis. En hinu sama máli er einnig að gegna um læknakennsluna, og hefur sú kennsla raunar ætíð verið óframkvæmanleg hér á landi, ef sömu kröfur hefði átt að gera um fjölda kennara og sérmenntun þeirra og tíðkast við erlenda háskóla. En sjón er sögu ríkari um, að sú kennsla hefur engu síður gefið allgóða raun. Hafa íslenzkir læknakandidatar á margan hátt sýnt, að þeir standa erlendum stéttarbræðrum sínum að flestu leyti á sporði. Það, sem á kann að hafa vantað kennsluna og tæki til hennar, mun hitt hafa bætt upp, hve nemendurnir eru hér fáir, samband þeirra og kennaranna fyrir það nánara og tilsögnin notadrýgri en orðið getur þar, sem nemendafjöldinn er margfalt meiri. Mun þessa ekki síður gæta við tannlæknaennsluna til viðbótar hinu, að gert er ráð fyrir miklu betri undirbúningi stúdentanna, áður en þeir hefja sjálf tannlæknanámið, en víðast er krafizt.

2) Samkvæmt greinargerð Jóns Sigtryggssonar er stofnkostnaður þessarar kennsludeildar áætlaður kr. 30000.00. Tannlæknafélagið áætlað hann kr. 40000.00 eða jafnvel kr. 45000.00, en mun þá ekki hafa gert ráð fyrir, að neitt yrði til sparað. Ætla má, að þessi síðari áætlun sé allgóð trygging fyrir því, að hin fyrri sé nálægt sanni, ef látið verður nægja að kaupa það, sem sómasamlega má við bjargast, og er það ekki eins dæmi við kennslustofnanir vorar, að við slíkt sé látið sitja. Úr rekstrar-kostnaðinum er dregið mjög verulega með því að gera ráð fyrir þeirri tilhögun, að nám tannlæknaefnanna verði að eins miklu leyti sameiginlegt hinu almenna lækná-námi og orðið getur. Um þann kostnað ber kr. 7000.00 á milli (kr. 17000.00 og kr. 24000.00), aðallega fyrir það, að tannlæknafélagið gerir ráð fyrir einum kennara í við-bót við þá kennara, sem hin fyrri áætlun er miðuð við. Væri að visu æskilegt að hafa það kennaralið, en vafalaust má komast af án þess. Vissulega er hér um allmikla upphæð að ræða, er kemur á hvern nemanda, jafnvel þó að miðað sé við hina lægri áætlun, og vorkunn, að mönnum detti í hug, að tilvinnandi væri að senda heldur menn á ríkisins kostnað til útlanda til þessa náms. En svipað má segja um flest eða allt innlent háskólanám og annað meiri háttar sérnám, ef gildi þess fyrir þjóðina er einungis metið á þennan hátt til peningaverðs. Hvers virði er svo hitt, að tryggt sé með hinni innlendu fræðslu, að ekki verði hættulegur skortur nauðsynlegra, sér-fróðra starfsmanna í landinu, og eins það, að fræðsla þeirra miðist við íslenska stað-hætti og sérþarfir, jafnframt því sem þeim lærist að gera þær kröfur í sambandi við störf sín, þegar til þeirra kemur, að samrýmist kjörum og öllum aðstæðum meðal almennings hér á landi?

3) Á því er full nauðsyn, að dregið verði úr aðsókninni að hinu almenna lækná-námi, og hefur jafnvel komið til álita að beita þvingunarráðstöfunum í því skyni. Með því að krefjast miðhlutalæknaþrófs af stúdentum, sem vilja leggja stund á tann-læknanám, má vænta, að ýmsir hverfi til þess, sem annars hefðu lokið almennu lækna-prófi. Hefur verið leitað til læknastúdentanna við háskólann viðvíkjandi þessum ráðagerðum, og eru þeir mjög áfram um, að til tannlæknaennslunnar verði stofnað og einmitt á þennan hátt. Er ályktun þeirra þar að lútandi prentuð hér á eftir (fskj. 3).

Það er jafnvel ekki óhugsandi, að þessi fyrirhugaða kennslustofnun geti orðið til þess, að þeir, sem þegar eru orðnir læknar eða verða á næstunni, ljúki tannlækna-prófi til viðbótar læknaþrófinu og stundi síðan tannlækningar, sem ekki væri nema gott eitt um að segja, svo óþarflega margir sem læknarnir eru þegar orðnir. Læknar, sem jafnframt eru tannlækna, gætu auk þess víða á landinu bætt úr tvöfaldri þörf. Ýmis læknishéruð eru þannig, að þau bera naumast eða alls ekki nema einn lækni, en eru þó hinum eina lækni vandræðalega erfið, einkum fyrir það, að hann má því nær aldrei um frjálst höfuð strjúka og aldrei unna sér frátarafar degi lengur. Jafnframt því sem læknir, er jafnframt væri tannlækna í slíku héraði, stundaði tannlækningar á víðu svæði og hefði af því aðalatvinnu, væri hann tilvalinn aðstoð-armaður héraðslæknisins og staðgöngumaður hans, er hann viki sér frá. Í minnstu

héruðunum gæti slíkur ferðatannlæknir tekið að sér héraðslæknisstörf, á meðan hann dveldist þar, og gert héraðslækninum kleift að bregða sér frá sér til upplýftingar. Jafnvel tannlæknar, sem aðeins hefðu lokið miðhlutaprófi í almennri læknisfræði, væru héraðslæknum betri en engir að þessu leyti. Má fyllilega ætla, að héraðslæknum yrði með þessu móti betur tryggð aðstoð og þeim hentugir staðgöngumenn í forföllum þeirra og sumarleyfum, er þeir bera nú sumir fram mjög ákveðnar kröfur um, en þó að stofnuð yrðu eitt eða tvö aukalæknisembætti, sem vafasamt er, að fengjast skipuð, nema því meiri laun væru í boði, og næsta erfitt yrði að láta koma að almennum notum.

4) Offjölgun tannlækna ætti ekki að þurfa að óttast, þó að til þessarar kennslu yrði stofnað, bæði fyrir það, að gert er ráð fyrir, að námið verði erfitt og taki langan tíma, og síðan er óhjákvæmilegt að taka aðeins við takmörkuðum fjölda nemenda í einu, eftir því sem húsakynni og tæki segja til. En þau eru áætluð við hæfi fjögurra nemenda í einu. Mundu þá í hæsta lagi 4 ljúka prófi annað hvert ár, eða 2 á ári. Með þessu móti ætti og að mega velja úr nemendum, sem ásamt öðru mundi tryggja góðan árangur kennslunnar. En verði að því horfið að krefjast jafnmikils og erfiðs náms af íslenskum tannlæknum og hér er gert ráð fyrir, mun ekki verða komizt hjá að veita þeim þá atvinnuvernd að krefjast samsvarandi náms (þ. e. miðhlutalæknaprófs) af þeim, er erlendu tannlæknaprófi ljúka og æskja tannlæknaleyfis hér á landi, enda hafi þeir hafið námið, eftir að þessi fyrirhugaða stofnun tekur til starfa, og lokið því á eðlilegum tíma.

Mál þetta hefur verið undirbúið í samráði við læknadeild háskólans, sem kaus til þess tvo prófessora sína, þá Guðmund Thoroddsen og Niels Dungal, að hafa um það samvinnu við landlækni. Fer hér á eftir umsögn læknadeildarinnar (fskj. 4), svo og bréf Læknafélags Reykjavíkur, sem og hefur tjáð sig hlynnt hugmyndinni um að stofna til tannlæknakennslu hér á landi (fskj. 5). Læknadeildin ber nokkurn kvíðboga fyrir enn aukinni aðsókn að deildinni við það, að tannlæknakennslan verði upp tekin, og ber í þessu sambandi fram kröfur um heimild til að takmarka aðganginn að læknánáminu. Fyrir þinginu liggur frv. um breytingar á háskólalögunum, er tekur til þessa efnis, og mun háskólinn í heild standa að því. Enn fylgir samþykkt háskólaráðs um málið (fskj. 6), þar sem það staðfestir tilboð sitt um að ljá húsnæði, ljós og hita til tannlæknakennslunnar. Er til ætlað, að í móti komi, að stúdentum háskólans verði gerður kostur á ókeypis tannlækningum, en að því yrði mikill menningarauki. Það hefur einnig komið til tals, að vel færi á því, að sjúklingar Landsspítalans ættu kost á tannaðgerðum án sérstaks endurgjalds, eftir því sem við yrði komið, á meðan þeir dveldust þar, og yrði það þá einkum í sambandi við hina almennu tannlækningafræðslu læknaefnanna, þó að tannlæknaefnin gætu jafnframt haft þess mikil not. Að sjálfsögðu yrði og almenningi gerður kostur á ókeypis tannlækningum í sambandi við tannlæknakennsluna. Ókeypis mundi sú læknishjálpteljust, þó að sjúklingunum væri gert að greiða efni það, sem til hennar fer, og væri slíkt í samræmi við það, sem tíðkast erlendis. Er því ekki að kvíða, að skortur verði verkefna til kennslunnar.

Hér verður ekki rætt um tannlæknaskipun á Íslandi, sem ekki er fyllilega tímaþært, á meðan tannlæknaskorturinn í landinu leyfir enga heildarskipun þeirra mála. Hallur L. Hallsson, tannlæknir í Reykjavík, hefur nýlega flutt fyrirlestur um þetta efni í Tannlæknafélagi Íslands og borið þar fram mjög athyglisverðar tillögur, er lúta að framtíðartannlæknaskipun á Íslandi. Er fyrirlesturinn prentaður í heilu lagi hér á eftir (fskj. 7), einnig með sérstöku tilliti til þess, að þar eru bornar fram helztu mótþáttar, sem fyrir hendi munu vera, gegn innlendri tannlæknafræðslu, og að því er virðist eindregnari en svo, að tannlæknafélagið staðfesti þær að öllu leyti. Að vísu er þess að gæta, að fyrirlesturinn er fluttur, áður en kunnar voru ráðagerðir þær, er að framan greinir, um tilhögun kennslunnar, sem tannlæknafélagið virðist ekkert hafa við að athuga í höfuðatriðum og fyrirlesarinn sennilega ekki heldur. En hvað sem því líður, þarf ekki að kvíða því, að sérstökum erfiðleikum verði bundið að koma



IV. missiri.

Kl.	Md.	Pd.	Md.	Fd.	Fd.	Ld.
8—9	Tannsjúkd., fyrirlestur	Krónu- og brúargerð	Tannsjúkd., fyrirlestur	Tannsjúkd., vitjun	Munnsjúkd., vitjun	Munnsjúkd., fyrirlestur
9—11 <sup>1/2</sup>	Tannfylling	Tannrétting	Tannfylling	Krónu- og brúargerð Tannrétting	Tannfylling	Munnsjúkd., aðgerðir
1—2					Röntgen- fræði	Alm. handlækn.

Samt. tímar

1. Æfingar í tannfyllingu á tveimur árum .....	560
2. Æfingar í tannsmíði á tveimur árum .....	816
3. Æfingar í krónu- og brúargerð og tannrétting .....	240
4. Æfingar í munnsjúkdómaaðgerðum .....	160
5. Fyrirlestrar um tannsjúkdóma .....	128
6. Fyrirlestrar um krónu- og brúargerð og tannrétting .....	64
7. Fyrirlestrar um munnsjúkdóma .....	64
8. Fyrirlestrar um almennar handlækningar .....	64
9. Fyrirlestrar um áhalda- og efnafræði .....	16
10. Fyrirlestrar um röntgenfræði .....	16
11. Munnsjúkdómsvitjun .....	64
12. Tannsjúkdómsvitjun .....	64

Til kennslunnar mundi mega komast af með einn aðalkennara, einn aukakennara, svo og tannsmíð, sem væri kvenmaður og jafnframt aðstoðaði við dagleg störf á tannlækningastofu skólans.

Fer hér á eftir áætlun um kostnað við stofnun skólans og árlegan rekstur hans. Ætlazt er til, að nemendur sjái sér fyrir smáverkfærum þeim, sem þörf er á til daglegra starfa, en sjúklingar greiði efni, sem til aðgerða þeirra fer. Háskólinn mun hins vegar vera tilleiðanlegur til að lána skólanum húsnæði undir lækningastofur gegn því, að stúdentum verði séð fyrir ókeypis tannlækningum.

Um kennarana skal þess getið, að gert er ráð fyrir því, að þeir stundi jafnframt tannlækningar, er þeir hafi tekjur af, nema tannsmíðurinn. Áætlunin nær ekki til verðlagsupphótar á launagreiðslur.

Stofnkostnaður við fern tannlækningatæki.

1 röntgentæki .....	kr. 6300.00
1 sóttþreinsunarofn, 17", hitaður með rafmagni .....	— 700.00
1 verkfæraskápur .....	— 400.00
4 stólar á kr. 2215.00 .....	— 8860.00
4 borvélar, knúnar rafmagni, á kr. 1400.00 .....	— 5600.00
4 hrákaskálar á kr. 600.00 .....	— 2400.00
4 hringborð, áföst stólum á kr. 150.00 .....	— 600.00
4 lampar, áfastir stólum, á kr. 60.00 .....	— 240.00
24 tanntengur (Ash's) á kr. 40.00 .....	— 960.00
6 fleygar á kr. 20.00 .....	— 120.00
4 deyfingardælur á kr. 20.00 .....	— 80.00
1 svæfingargríma .....	— 15.00
4 beinsköfur á kr. 8.00 .....	— 32.00

4 sárakrókar á kr. 8.00 .....	kr.	32.00
2 nálahaldarar á kr. 20.00 .....	—	40.00
4 meitlar á kr. 6.00 .....	—	24.00
4 Peans æðatengur á kr. 8.00 .....	—	32.00
6 dúkaklemmur á kr. 8.50 .....	—	51.00
4 hnífar á kr. 10.00 .....	—	40.00
2 beinatengur á kr. 25.00 .....	—	50.00
20 lyfjaglós með glertöppum, ca. 250 gr., á kr. 2.00 .....	—	40.00
4 skæri á kr. 12.00 .....	—	48.00
2 tunguhaldarar á kr. 20.00 .....	—	40.00
1 gúmherzlutæki fyrir 4 mót (gas) .....	—	400.00
1 kátsjúkpressa .....	—	60.00
2 fægivélar á kr. 700.00 .....	—	1400.00
Ýmislegt .....	—	1436.00
	Samtals	kr. 30000.00

#### Rekstrarkostnaður.

1. Laun:		
a. Aðalkennari .....	kr.	6000.00
b. Aukakennari .....	—	3600.00
c. Tannsmiður .....	—	3600.00
		kr. 13200.00
2. Fyrning og viðhald áhalda .....	—	3000.00
3. Ýmislegt .....	—	800.00
	Samtals	kr. 17000.00

#### Fylgiskjal II.

Herra landlæknir.

Þér hafið í bréfi frá 1. þ. m. óskað eftir álitu félags okkar um tillögur hr. læknis og tannlæknis Jóns Sigtryggssonar um stofnun tannlæknaskóla eða tannlæknadeildar við háskólann.

Þetta mál var tekið til umræðu á fundi félagsins þ. 18. þ. m. Var hr. Jón Sigtryggsson mættur á fundinum og gerði grein fyrir tillögum sínum.

Fundarmenn voru á einu máli um það, að á einhvern hátt yrði að sjá um, að tannlæknum fjölgaði hæfilega, svo að landsmenn gætu orðið tannlæknishjálpar að-njótandi í sem fyllstum mæli, og að sérstaka áherzlu bæri að leggja á, að þeim yrði gert mögulegt að vinna á þeim stöðum, þar sem nú er tannlæknislaust, en brýn þörf er fyrir tannlækna. Hvað því viðvíkur vísast til erindis, er Hallur L. Hallsson flutti á fundi í félaginu í janúar þ. á., og við sendum yður hér með í afriti (fskj. 7).

Viðvíkjandi hinum fyrirhugaða skóla, er það álit okkar, að vel sé séð fyrir hinu teoretiska námi á meðan samleið er með læknanemum og jafnvel eytt fullmiklum tíma í nám, sem tannlæknum er ekki bein nauðsyn á að læra, eins og t. d. ýtarlegt nám í anatomiu alls líkamans, í stað þess að læra mjög vandlega það, sem hefur þýðingu fyrir tannlækninn sérstaklega, og svo lauslegt yfirlit yfir hitt, eins og tíðkast í tannlæknaskólum, en það myndi að líkindum kosta sérstaka kennslu fyrir tannlæknaefnin, svo um það getur varla orðið að ræða, ef samnám á að verða með læknanemum.

Þau tvö ár, sem ætluð eru til sérnámsins, mætti ef til vill komast af með nokkrum breytingum á námstilhögun, og stendur það auðvitað til bóta með fenginni reynslu, en aðalvandkvæðin álitum við vera fólgin í því að fá hæfa kennslukrafta, og sennilega í því að fá næg og fjölbreytt verkefni fyrir nemendurna. Það er gert ráð fyrir, að tveir tannlæknar annist alla kennslu, bæði praktiska og teoretiska. Við álitum ólíklegt, að svo fjölbærir tannlæknar séu til hér á landi, að þeir geti það svo vel fari, að minnsta kosti ekki án þess að afla sér framhaldsmenntunar í því, sem þeim er mest áfátt um.

Við athugun á stofnkostnaði komumst við að þeirri niðurstöðu, að hann gæti varla orðið minni en 40–45 þúsund kr., líklega varlegra að áætla hann 45 þúsund kr., því alltaf bætist eitthvað við, sem ekki er munað eftir við fyrstu áætlunina. Sundurliðun á þeim kostnaði er fyrir hendi, ef óskað er eftir. Við aukningu á stofnkostnaði eykst einnig reksturskostnaður sem því svarar í viðhaldi og afskriftum, einnig álitum við óhjákvæmilegt að hafa gullsmið til aðstoðar nemendum við tekniska námið, og yrði þá reksturskostnaður tæplega undir 24 þúsund krónum á ári, eða kr. 6000.00 á hvern nemanda, séu þeir 4, eins og gert er ráð fyrir í áætluninni.

Reykjavík, 25. marz 1941.

F. h. Tannlæknafélags Íslands.

Hallur L. Hallsson,      Th. Brynjólfsson,  
form.                              ritari.

### Fylgiskjal III.

Reykjavík, 5. febr. 1941.

Hér með sendist yður tillaga, sem samþykkt var með samhljóða atkvæðum á fundi í félagi læknanema, sem haldinn var 7. febr. 1941.

„Fundur í félagi læknanema, haldinn 7. febr. 1941, heinir þeirri áskorun til hins háttvirta Alþingis, að það samþykki frumvarp til laga um stofnun tannlæknadeildar við Háskóla Íslands, sem ráðgert mun, að flutt verði á næsta Alþingi að tilhlutun landlæknis og læknadeildar.“

Virðingarfyllst,

f. h. félags læknanema,

Ól. Bjarnason.

Til landlæknis, Reykjavík.

### Fylgiskjal IV.

#### LÆKNADEILD HÁSKÓLANS

Reykjavík, 5. apríl 1941.

Herra landlæknir.

Læknadeildin hefur athugað uppkast yðar að frumvarpi til laga um tannlækna-kennslu við læknadeild háskólans. Hún er því hlynnt, að slíkri kennslu verði komið á, og telur það fyrirkomulag, sem í frumvarpinu felst, að mörgu leyti gott, og telur, að með þessu móti megi fá hér á landi vel mennta tannlækna. En læknadeildin er hrædd um, að þetta geti vel orðið til þess að auka aðsókn að læknadeildinni, sem fyrir löngu er orðin of mikil. Því vill deildin setja það að skilyrði fyrir meðmælum sínum með frumvarpinu, að hún fái um leið völd til þess að takmarka aðgang að deildinni og tannlæknanáminu.

Í læknadeildinni voru skoðanir nokkuð skiptar um það, hve langt tannlækna-nemendur skyldu fylgja læknisfræðinemendum í náminu, eða hvort þeir e. t. v. skyldu ljúka fullkomnu læknaprófi, en samkomulag varð um það, að fyrirkomulag frumvarpsins væri vel reynandi fyrst um sinn.

Guðmundur Thoroddsen,  
deildarforseti.

Til landlæknis.



Fylgiskjal V.

LÆKNAFÉLAG REYKJAVÍKUR

Reykjavík, 12. marz 1941.

Út af bréfi yðar, móttæknu 4. þ. m., tilkynnist yður, að fundur í Læknafélagi Reykjavíkur samþykkti þann 5. þ. m. svo hljóðandi fundarályktun:

„Fundur í L. R. 5. marz 1941 lýsir sig hlynntan þeirri hugmynd, að stofnað sé til tannlæknaskóla á Íslandi.“

F. h. stjórnar Læknafélags Reykjavíkur.

Þórður Þórðarson,  
ritari.

Herra landlæknir Vilmundur Jónsson.

Fylgiskjal VI.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 5. apríl 1941.

Ég hef lagt frumvarp yðar, herra landlæknir, um tannlæknakennslu við lækna-deild háskólans, fyrir háskólaráð. Vill háskólaráðið mæla með því, að þetta frumvarp verði að lögum og vill fúslega leggja til húsnæði, ljós og hita handa hinni fyrirhuguðu kennslu.

Alexander Jóhannesson,  
rektor.

Til landlæknis.

Fylgiskjal VII.

Fyrirlestur fluttur í Tannlæknafélagi Íslands í janúar 1941  
af Halli L. Hallssyni, tannlækni í Reykjavík.

Það er nú orðið almennt viðurkennt, að tannskemmdir og ýmsir kvillar og sjúk-leikar í tannholdi og kjálkum, sem standa í sambandi við tennurnar, séu orðnir svo útbreiddir og almennir, að svo að segja allir landsmenn þjáist af þeim að meira eða minna leyti.

Það er einnig staðreynd, að tannsjúkdómar hafa mikil áhrif á almenna liðan og heilbrigði fólks, verði orsök meltingartruflana og annarra alvarlegri sjúkdóma, sem ekki skal farið nánar út í hér.

Landsmenn eiga nú orðið allgreiðan aðgang að almennri læknishjálp. Einnig eru nú margir læknar, sem leggja fyrir sig ýmsar sérgreinar, en eru þó flestir í Reykja-vík. Fara sumir þeirra í reglubundnar ferðir um land allt, að tilstuðlan ríkisstjórn-arinnar, t. d. augnlæknar. Það mætti nú líta svo á, að tannlækningar væru líka sér-grein, og mætti því fullnægja þörfum landsmanna einnig í þeirri grein með því að tann-læknar væru búsettir í stærstu bæjunum og ferðuðust um landið á sumrum eins og augnlæknar. En þar er allt öðru máli að gegna, því eins og áður er sagt, eru tann-skemmdir svo útbreiddar og sjúkdómar í sambandi við þær, að flestir landsmenn þurfa á tannlækningum að halda, og auk þess er tannlæknisstarfið svo tímafrekt, að ekki er sambærilegt við neinar aðrar sérgreinar. Einnig eru áhöld tannlækna svo margbrotin, þung og ill viðureignar í flutningum, að ekki kemur til greina að flytja þau landveg með þeim flutningatækjum, sem tíðkast hér á landi.

Það má því fullyrða, að ekki er hægt að veita fólki fullnægjandi tannlæknishjálp á þann hátt. Líklega veitti ekki af, að tannlæknar væru dreifðir um allt land á svipaðan hátt og héraðslæknar eru nú. En til þess að það geti orðið, verða fyrst og fremst að vera nógu margir tannlæknar til, og í öðru lagi yrði að sjá þeim fyrir viðunandi lífsskilyrðum. Mér vitanlega hefur þetta mál aldrei verið tekið til rækilegrar athugasemjar, hvorki af heilbrigðisstjórn eða alþingi, enda munu ekki almennar óskir eða áskoranir hafa komið um það frá bæjar- eða sveitarstjórnnum. Má það merkilegt heita og virðist benda til, að þessir aðilar hafi ekki enn þá komið auga á þörfina.

Ég mun nú reyna að gera grein fyrir, hvernig ég hef hugsað mér, að leysa mætti þetta mál, og er þá aðallega um tvær leiðir að velja: Önnur er sú, að Alþingi samþykki lög um tannlæknishéruð víðs vegar á landinu, þar sem ekki eru skilyrði til, að tannlæknar geti lifað af privatpraxis, og veiti þeim hæfileg laun og styrk til verkfærakaupa. Þetta yrði auðvitað gert í samráði við heilbrigðisstjórn, sem nyti aðstoðar Tannlæknafélags Íslands í skipulagningu þessa máls. Hin leiðin er sú, að bæjar- og hreppsfélög beittu sér fyrir málinu og þá með sérstöku tilliti til skólatannlækninga. Þessi leið er að ýmsu leyti erfiðari, þar sem fleiri aðila er við að eiga, mismunandi vel stæð bæjar- og sveitarfélög, sem enn þá hafa ekki öðlazzt fullan skilning á málefninu. En þessi leið hefur þó ýmsa kosti, svo vert er að athuga, hvort hún muni ekki fær.

Hugmynd mín er sú, að nokkur sveitarfélög eða þorp ráði til sín tannlækni í félagi til þess að annast tannlækningar skólabarna og greiði honum ákveðna upphæð fyrir hvert skólabarn. Þetta ætti að vera framkvæmanlegt þar, sem skólahús eru í fræðsluhéraði. Þyrfti þá að ætla tannlækninum sérstakt herbergi í skólahúsinu húið þeim tækjum, sem erfiðast er að flytja, t. d. stól, skáp, skolskál og e. t. v. borvél þar, sem rafmagn er. Með þessu mætti tryggja tannlækninum fastar árlegar tekjur, sem gætu verið nægileg viðbót við þær tekjur, sem hann hefði af privatpraxis, sem aðallega færi fram á dvalarstað tannlæknisins. En þó ætti honum, ef hann óskaði þess, að vera heimilt að stunda privatsjúklinga í skólahúsinu. Gæti það orðið til þæginda fyrir fólk í byggðarlögum, sem eru fjarri heimili tannlæknisins.

Fræðslumálastjóri hefur látið mér í té lista yfir skólahús og tölu skólaskyldra barna, er sækja hvern skóla, og mun ég nú leitast við að skipta þeim niður í sérstök tannlæknisumdæmi og þá einnig með hliðsjón af fólksfjölda í þeim byggðarlögum, er standa að skólunum, með tilliti til atvinnumöguleika fyrir privatpraxis.

Kaupstaðirnir hafa nú allir komið á hjá sér skólatannlækningum að einhverju leyti, nema Seyðisfjörður og Neskaupstaður, enda enginn tannlæknir búsettur á Austurlandi. Austurland er sá landshluti, sem verst er settur með alla tannlæknishjálp, þar eð engir tannlæknar eru búsettir nær þeim en í Vestmannaeyjum, Reykjavík og Akureyri, og verða þeir því að sækja til þessara staða, er þeir óhjákvæmilega þurfa á tannlækni að halda. Hins vegar ætti þessi landshluti að hafa nægilegt verkefni fyrir að minnsta kosti 1 tannlækni, ef allir skólar veittu börnum sínum fullkomna tannlæknishjálp.

1. Ég geri ráð fyrir, að tannlæknirinn yrði búsettur á Seyðisfirði. Þaðan er bilvegur upp í Fljótsdalshérað og stutt til Neskaupstaðar, sem er fjölmennasta þorpið á Austurlandi. Umdæmið nær yfir báðar Múlasýslur og ef til vill Hornafjörð líka. Á þessu svæði eru um 800 börn á 10 stöðum, sem ganga í fasta skóla, og fólksfjöldi 1938 um 7000.
2. Næsta hérað í röðinni samkvæmt fjölda skólabarna og öðrum atvinnuskilyrðum fyrir tannlækni munu vera Skagafjörður og Húnavatnssýsla með 470 skólaskyld börn í 10 fastaskólum, fólksfjöldi 7564. Tannlæknirinn búsettur á Sauðárkróki.
3. Árnes- og Rangárvallasýslur með 650 börn í 14 fastaskólum og rúmlega 8000 íbúum. Tannlæknirinn búsettur á Selfossi.
4. Gullbringusýsla með 500 börn í 6 fastaskólum, Bessastaðaskóla sleppt. Íbúatölu veit ég ekki, þar eð ég hef hana ekki nema með Kjósarsýslu. Tannlæknirinn búsettur í Keflavík.

5. Þingeyjarsýslur með rúml. 400 börn í 9 fastaskólum og nær 6000 íbúum. Tannlæknirinn búsettur í Húsavík.
6. Barðastrandar- og Vestur-Ísafjarðarsýslur með rúml. 400 börn í 6 fastaskólum og um 3000 íbúum. Tannlæknirinn búsettur á Bildudal.
7. Hnappadalssýslur og Snæfellsnessýslur með barnaskólann í Borgarnesi, 374 börn í 4 fastaskólum. Íbúatala í Snæf.- og Hnappadalssýslum ca. 4000. Tannlæknirinn búsettur í Stykkishólmi.

Hvað önnur héruð snertir, þá gætu sum samið við tannlækna í nærliggjandi bæjum um skólatannlækni, t. d. Akranes og skólarnir í Kjósarsýslu við tannlækni í Reykjavík eða Hafnarfirði, ef tannlæknir sezt þar að. Tannlæknir frá Ísafirði annaðist skólatannlækningar í Norður-Ísafjarðarsýslu. Tannlæknar frá Siglufirði og Akureyri í Eyjafjarðarsýslu. Aðrar sýslur landsins geta tæplega fyrst um sinn komið á hjá sér skólatannlækningum, a. m. k. ekki þannig, að það gæti gefið tannlæknum næga afkomutryggingu.

Þá er að athuga, hvað skólatannlækningar í þeim 7 tannlæknihéruðum, sem ég hef getið um hér að framan, geti veitt tannlækni miklar tekjur á ári, með því að borga sanngjarna upphæð fyrir hvert barn. Í þeim bæjum, sem hafa samið við tannlækna um skólatannlækningar, eru borgaðar 6—10 kr. fyrir barn á ári.

Gerum ráð fyrir 8 kr. fyrir barn og réttindum fyrir tannlækni til að taka privat-sjúklinga í skólahúsinu, þá verða brúttótekjur sem hér segir:

1. Á Austfjörðum .....	kr. 6400.00
2. Í Skagafjarðar- og Húnavatnssýslum .....	— 3760.00
3. Í Árnes- og Rangárvallasýslum .....	— 5800.00
4. Í Gullbringusýslu .....	— 4000.00
5. Í Þingeyjarsýslum .....	— 3200.00
6. Í Barðastrandar- og Vestur-Ísafjarðarsýslum .....	— 3200.00
7. Í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslum .....	— 3000.00

Þetta eru að vísu ekki háar upphæðir, þegar þess er gætt, að það eru brúttótekjur. Ef til vill mætti semja um greiðslu ferðakostnaðar, en að sjálfsögðu kæmu afnot af tannlækningastofu skólans í eigin þarfir án endurgjalds. Á flestum þessum stöðum yrðu talsverðar tekjur af privatpraxis, sérstaklega er fram liðu stundir, því að börnin, sem hafa notið tannlækninga í skólunum, munu frekar leita tannlækni áfram en þeir, sem ekki hafa vanið því í uppvextinum, og einmitt þess vegna álit ég, að þetta fyrirkomulag sé það heppilega. Það venur unga fólkið á að hafa heilbrigðan munn, svo að það mun síður sætta sig við að vera tannlæknilaus, og það gefur um leið tannlækni móguleika til að lifa af starfi sínu á þessum stöðum.

Þetta, sem ég hér hef gert tillögur um, er byrjun, sem ætti að komast í framkvæmd á næstu árum. En þróunin verður auðvitað að halda áfram, og bráðlega yrði á einhvern hátt að sjá líka hinum strjálbyggðu og samgönguörðugu héruðum fyrir tannlækningum, eins og Skaftafellssýslum og Strandasýslu og víðar. En þar myndi ríkissjóður líklega verða að hlaupa undir bagga, ef Alþingi kys þá ekki að skipa tannlæknamálum að öllu leyti. En ef svo yrði, myndi samt verða réttast að hafa skólatannlækningar sem grundvöll, þar sem því yrði við komið.

Áður en ég hætti að tala um skólatannlækningar, vil ég benda á, að í Reykjavík hafa skólarnir 2 tannlækna starfandi, en aðeins 3 stundir á dag, í stað þess að ekki veitti af 4—5 tannlæknum, sem eingöngu störfuðu við skólana, eða 25—30 vinnustundir á dag í stað 6. Vinnutími þessara tannlækna var fyrir 1 ári helmingi lengri, en var stytur af sparnaðarástæðum. Að höfuðstaðurinn sjálfur tekur ekki skólatannlækningarnar alvarlegri tókum en þetta, gæti virzt benda á, að þýðingarlítið sé að koma fram með tillögur eins og þær, sem ég hef tekið til meðferðar hér að framan. En bæði er nú það, að vonandi er, að við Íslendingar höfum einhvern tíma ráð á að veita okkur brýnustu nauðsynjar og nægilegt vit til að skilja, hvað er nauðsynlegt.

Ef við nú gerum ráð fyrir, að bæði peningarnir og skilningurinn sé fyrir hendi, þá kemur til athugunar, hvort nægilega margir tannlæknar séu til, eða verði á næstu árum til að vinna verkið. Hér á landi eru nú 14 tannlæknar búsettir (útlendir aðstoðartannlæknar ekki taldir). Erlendis eru 3, sem hafa lokið prófi og 4 við nám, sem sennilega ljúka prófi í sumar. Það verða því 21 tannlæknar, sem hægt er að reikna með, að verði starfandi hér á næsta ári, eða jafnskjótt og þeir, sem dvelja erlendis, komast heim.

Af þessum 21 eru 11 starfandi hér nú, 1 frá störfum í bili vegna veikinda. Aukningin á þessu og næsta ári verður því að líkindum 9.

Gera má ráð fyrir, að flest eða allt þetta fólk staðnæmist í stærstu bæjunum, ýmist sem sjálfstætt praktiserandi eða aðstoðartannlæknar, en það ætti líka að vera meir en nóg til að fullnægja tannlæknisþörfum í bæjunum, að meðtöldum fullkomnum skóla-tannlækningum í Reykjavík.

Það vantar því sýnilega alveg tannlækna í þessi 7 embætti, sem ég stakk upp á hér að framan. Síðan stríðið byrjaði, hefur enginn byrjað tannlæknanám og óvíst, hvernig það verður meðan stríðið stendur, svo að næstu 4—5 árin verða tæplega útskrifaðir fleiri tannlæknar. Auðvitað verður ríkisstjórnin að gera einhverjar ráðstafanir til þess, að menn geti stundað tannlækninganám, svo að þörfum þjóðarinnar á því sviði sé fullnægt.

Ég hef heyrt, að landlæknir væri að hugsa um að stofna tannlæknaskóla hér og hefði jafnvel falið læknadeild háskólans að undirbúa það. Ef úr þeirri ráðagerð verður, þá er víst engin hætt á, að tannlæknar verði of fáir hér eftir nokkur ár. En annað mál er það, hvort hægt verður eða hagkvæmt að stofna hér fullkominn tannlæknaskóla, svo að þeir, sem útskrifuðust þaðan, yrðu dugandi tannlæknar. Bæði er það, að kostnaður við stofnun og rekstur slíks skóla yrði svo mikill, að vafasamt er, að fjárveitingarvaldið veitti nægilegt fé til þess, að skólinn yrði starfi sínu vaxinn. En það, sem gerir þessa hugmynd lítt mögulega að mínu áliti, er það, að hér myndi tæplega völ á hæfum kennslukröftum. Eins og allir tannlæknar vita, verða kennararnir að afla sér menntunar í þeim greinum, sem þeir kenna, og einnig að hafa nægilegan tíma afgang frá sínum praxis. En hvorugt álit ég, að sé fyrir hendi hér hjá tannlæknum Reykjavíkur.

Ég hef því miður ekki getað gert neina áætlun um stofnkostnað og rekstur tannlæknaskóla við okkar hæfi, vegna þess að ég hef engin gögn í höndum til að byggja á. En það virðist engin fjarstæða að gera ráð fyrir, að það myndi kosta ríkissjóð eins mikið og að senda 2 menn til náms árlega á ameríska tannlæknaskóla algerlega upp á sinn reikning og með því móti fengist áreiðanlega nægileg fjölgun tannlækna og um leið trygging fyrir því, að þeir yrðu starfi sínu vaxnir.

Ég vil því enda þessar bollaleggingar með þeirri tillögu minni til Tannlæknafélags Íslands, að það ráðleggi heilbrigðisstjórn, að styrktir verði að öllu eða nokkru leyti hæfilega margir menn til náms við ameríska tannlæknaskóla, eða aðra skóla að stríðinu loknu, og setja það sem skilyrði fyrir styrknum, að hinir ungu tannlæknar, að loknu námi, störfuðu einhvern vissan tíma, t. d. 3—5 ár, á þeim stöðum á landinu, sem mest væri þörf fyrir tannlækni og atvinnuskilyrði þolanleg.